

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

Nafn vinnustöðvar:	
Staðsetning:	
Tengiliður:	
Tímaáætlun:	

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLPARGÖGN	ÁBYRGÐARAÐILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
Rafmagn og húshitun	Ljósritunarvélar og prentarar eru stillt þannig að tækin fara í viðbragðsstöðu (standby) þegar þau hafa ekki verið í notkun í 5 mín.	Upplýsingablað um rafmagnstæki			
Rafmagn og húshitun	Hver og einn starfsmaður setur tölvuna á "læsa" þegar hann fer heim. (Windows + L)	Upplýsingablað um rafmagnstæki			
Rafmagn og húshitun	Við veljum sparnaðarstillingu á uppþvotta- og þvottavélum og sjáum til þess að gangsetja einungis fullhlaðnar vélar.	Upplýsingablað um rafmagnstæki			
Rafmagn og húshitun	Við slökkvum á öllum ljósum í þeim rýmum sem eru ekki í notkun og öll ljós í lok dags. Sérstaklega er hugað að fundarherbergjum, geymslum og þar sem dagsbirtu nýtur við.	Merkingar við rofa / áminningarlímmiðar			
Rafmagn og húshitun	Við höfum komið fyrir áminningarmiðum við rofa og valdar útgönguleiðir þar sem minnt er á að slökkva ljós í lok dags og á raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.	Merkingar við rofa / áminningarlímmiðar			

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLARGÖGN	ÁBYRGÐARADILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
Rafmagn og húshitun	Merkingar eru við lyftur þar sem starfsmenn og gestir eru hvattir til að nota stiga í stað lyftu.	Merkingar við rofa / áminningarlimmiðar			
Flokkun og minni sóun	Við flokkum að lágmarki í 5 úrgangsflokka á kaffistofum, mötuneytum og annars staðar þar sem úrgangur fellur til (t.d. plast, pappa, almennt, málma og lífrænt, eða bylgjupappa). Öll ílát eru merkt með viðkomandi úrgangsflokki og flokkunartaflan er sýnileg öllum á vinnustaðnum og starfsmenn eru vel upplýstir um flokkun og endurvinnslu	Upplýsingablað um flokkun úrgangs			
Flokkun og minni sóun	Við flokkum gæðapappír (hvítan skrifstofupappír), dagblöð, tímarit og skilagjaldsumbúðir.	Upplýsingablað um flokkun úrgangs			
Flokkun og minni sóun	Við flokkum spilliefni eins og lög og reglur kveða á um, s.s. rafhlöður, prenthylki, málningarafganga, flúrperur og skilum til ábyrgrar förgunar.	Upplýsingablað um flokkun úrgangs			
Flokkun og minni sóun	Við prentum báðum megin á blöð þegar það er mögulegt. Prentun á báðar hliðar og í svart-hvítu ætti að vera sjálfgild stilling á tölvum starfsmanna.	Upplýsingablað um rafmagnstæki			
Flokkun og minni sóun	Við endurnotum pappír sem prentað er á öðrum megin. Við prentara og ljósritunarvélar er ílát þar sem slíkum pappír er safnað saman og hann t.d. nýttur sem minnisblöð.	Merking á ílátið / bakkann.			

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLPARGÖGN	ÁBYRGÐARADILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
Flokkun og minni sóun	Við notum margnota umslög fyrir innanhúspóst og hvetjum til notkunar þeirra í stað einnota umslaga				
Flokkun og minni sóun	Við útgáfu kynningarefnis og annars efnis bjóðum við ávallt upp á rafræna útgáfu sem lesendur geta valið í stað pappírsútgáfu.				
Viðburðir og fundir	Við bjóðum upp á kranavatn en ekki vatn í einnota drykkjarumbúðum.	Upplýsingablað um viðburði og fundi			
Viðburðir og fundir	Í kynningarefni um fundi eða viðburði á okkar vegum hvetjum við þátttakendur til að huga að umhverfinu og nýta sér vistvæna ferðamáta til og frá viðburðum.	Upplýsingablað um viðburði og fundi			
Viðburðir og fundir	Við kaupum ekki einnota drykkjarmál og borðbúnað, ef ekki er komist hjá því eru notaðar umhverfismerktar vörur (t.d. pappamál). Bent er á borðbúnaðarleigu fyrir stærri viðburði.	Upplýsingablað um viðburði og fundi			
Viðburðir og fundir	Á öllum viðburðum er úrgangsflokkun á staðnum, að lágmarki 3 flokkar (pappír, plast og drykkjarumbúðir með skilagjaldi).	Upplýsingablað um viðburði og fundi			
Samgöngur	Fyrir utan vinnustaðinn eru hjólastæði fyrir starfsmenn og gesti.	Upplýsingablað um samgöngur			
Samgöngur	Bílar á vegum vinnustaðarins eru ekki á nagladekkjum nema brýna nauðsyn beri til.	Upplýsingablað um samgöngur			

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLPARGÖGN	ÁBYRGÐARADILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
Samgöngur	Starfsfólk okkar á auðvelt með að nálgast strætómiða á vinnustaðnum vegna vinnutengdra ferða.	Upplýsingablað um samgöngur			
Samgöngur	Við höfum hvatt starfsfólk okkar til að nýta sér umhverfisvænni ferðamáta til og frá vinnu með því að kynna/þjóða upp á samgöngusamninga þegar fólk hefur störf.	Upplýsingablað um samgöngur			
Samgöngur	Vinnustaðurinn tekur þátt í átakinu Hjólað í vinnuna.				
Eldhús og kaffistofur	Á kaffistofum og í mötuneyti eru eingöngu notuð margnota borðbúnaður og eldhúsáhöld.				
Eldhús og kaffistofur	Vinnustaðurinn beitir sér fyrir því að draga úr notkun plastpoka og notar margnota burðarpoka í staðinn fyrir einnota.	Merking á skáp/geymslu fyrir poka			
Eldhús og kaffistofur	Við beitum okkur fyrir því að draga úr matarsóun og höfum kallað eftir ábendingum frá starfsmönnum um hvað megi betur fara í baráttunni gegn matarsóun á vinnustaðnum.				
Eldhús og kaffistofur	Starfsfólk hefur verið hvatt til að kynna sér vefsíðuna matarsoun.is sem einn lið í baráttunni gegn matarsóun á vinnustaðnum				
Innkaup	Við íhugum vel þörfina áður en við kaupum inn t.d. hvort nýta megi betur, samnýta, fresta innkaupum eða gera við.	Upplýsingablað um innkaup			

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLARGÖGN	ÁBYRGÐARADILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
Innkaup	Við skiptum einungis við umhverfisvottaðar prentsmiðjur samkvæmt rammamningi Reykjavíkurborgar.	Upplýsingablað um innkaup			
Innkaup	Við kaupum raftæki sem eru í A-flokki orkumerkinga skv. orkuflokkum Evrópusambandsins	Upplýsingablað um innkaup			
Innkaup	Við kaupum einungis umhverfisvottaðan prentpappír samkvæmt rammamningum Reykjavíkurborgar og þykkt pappírs sem við notum til prentunar og ljósritunar er 80 g/m ² eða minni.	Upplýsingablað um innkaup			
Innkaup	Við kaupum einungis hreinlætis- og ræstivörur sem eru umhverfisvottaðar (bera umhverfismerki).	Upplýsingablað um innkaup			
Innkaup	Við kaup á efnavöru (s.s. málningu, lím, lakk og annan efnivið) forðumst við að velja efni sem eru hættuleg umhverfinu.	Upplýsingablað um innkaup			
Innkaup	Allir innkaupaaðilar á vinnustaðnum hafa kynnt sér vistvæn innkaup og nýtt upplýsingar af vefnum www.vinn.is , þar með talið gátlista um umhverfisvænni kosti fyrir smærri innkaup.	Upplýsingablað um innkaup			
Miðlun og stjórnun	Við höfum skipað umhverfisteymi sem sér til þess að aðgerðir Grænna skrefa nái fram að ganga og svo tengilið sem sér um samskipti við verkefnisstjórn Grænna skrefa.				

GÁTLISTI SKREF 1

Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar

FLOKKUR	VIÐFANGSEFNI	HJÁLPARGÖGN	ÁBYRGÐARADILI	ATHUGASEMD	MARKMIÐI NÁÐ (dags.)
<i>Miðlun og stjórnun</i>	Við höfum kynnt Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar, heimasíðu Grænna skrefa og þáttöku vinnustaðarins fyrir öllu starfsfólki.				
<i>Miðlun og stjórnun</i>	Starfsmenn okkar eru hvattir til að líka við síðu Grænna skrefa á Facebook og á Workplace, sem er einnig umræðuvettvangur.				
<i>Miðlun og stjórnun</i>	Við höfum fundað með starfsmönnum um framgang verkefnisins og safnað saman ábendingum um hvað megi betur fara í umhverfismálum á vinnustaðnum. Stjórnendur hafa verið upplýstir um ábendingar.				
<i>Miðlun og stjórnun</i>	Við höfum sett upp áminningar límmiða sem tengjast aðgerðunum í skrefi 1 (límmiðar sem í boði eru sjást á heimasíðu Grænna skrefa)				